


Einstaklingsherbergi með sér baðherbergi

Á nemendagörðum LbhÍ eru 10 einstaklingsherbergi með sér baðherbergi og er hvert herbergi um 16 fm að stærð. Eru þessi herbergi staðsett í Árgarði og Hlégarði (Hvanneyrargötu 2 og 4). Í herbergjunum er fataskápur, einbreitt rúm og skrifborð og á baðherbergi er sturta, salerni og baðvaskur. **Við vekjum athygli á því að mismunandi er á milli ára hversu mörg herbergi eru laus til útleigu hverju sinni þar sem þau eru einnig nýtt fyrir erlenda skiptinema.**

Nemendur hafa sameiginlega forstofu og aðgengi að sérstöku útifataherbergi með fataskáp. Í sameign er einnig þvottahús með þvottavél og þurrkara. Í eldhúsi er ísskápur, eldavél/bakarofn, borð og stólar og eitthvað leirtau en við hvetjum nemendur til að hafa með sér sitt eigið leirtau; potta, pönnur, sleifar og annað slíkt sem þeir telja sig þurfa að hafa. Í stofu eru sófi og hilla sem nemendur geta nýtt saman. Nemendur hafa aðgengi að þráðlausu interneti LbhÍ á nemendagörðunum.

Þrif á þvottahúsi, anddyri og útifatageymslu eru sameiginleg með leigjendum íbúðar hússins en þrif á sameiginlegu eldhúsi, gangi og setustofu er í höndum herbergisleigjendanna.

Bent er á að ef margar umsóknir berast um einstaklingsherbergi með sér baðherbergi verður biðlisti settur upp og munu þeim sem ganga af við úthlutun vera úthlutað herbergi með sameiginlegu baði, stúdíóíbúð eða 2ja herbergja íbúð nema óskað sé eftir einhverju sérstöku í umsóknarferlinu.



Uppdráttur af Árgarði (Hvanneyrargötu 2). Í húsinu er einnig ein 2ja herbergja íbúð, merkt með rauðum kassa.



Árgarður (Hvanneyrargata 2). Hlégarður hefur samskonar útlit.



Sameiginlegt eldhús í Hlégarði (Hvanneyrargötu 4).